

1. Almennt:

Sæbýli ehf. (kt. 521007-0600), Búðarstíg 23, 820 Eyrarbakka, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna 70 tonna hámarkslífmassa af sæeyrum til klak- og matfiskeldis þann 13. september 2017.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í fráveitukerfi sveitarfélagsins og þaðan í sjó við Eyrarbakka. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Sæbýli notast við svokallað SustainCycle eldiskerfi sem er sérhannað af fyrirtækinu. Það kerfi er með 90% endurnýtingu á vatni í hringrásarkerfi. Eldskerjum er raðað upp í rekka í húseigninni að Búðarstíg 23, Eyrarbakka og fer frárennsli þessara kerja í endurnýtingakerfið. Af þessum sökum eru litlar líkur á að eldisdýr sleppi út í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttækin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 22. febrúar til 22. mars 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Sæbýlis ehf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 70 tonn til klak- og matfiskeldis á sæeyrum að Búðarstíg 23 á Eyrarbakka.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er í gildi og rennur út 14. apríl 2023. Rekstrarleyfið gildir til 4. maí 2037.

Selfossi, 4. maí 2021